

Árið 1975 var haldin alþjóðleg kvennaráðstefna í Mexikó á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þar kom fram að konur unnu 65% allrar vinnu í heiminum en öfluðu aðeins 10% heildartekna og áttu minna en 1% af eignum heimsins. Lítiið hefur breyst síðan þá og þessar staðreyndir eiga einnig við um konur í dag. Konur eru mest megnis launþegendur og eru tekjur kvenna 60% af tekjum karla, sem er sama hlutfall og fyrir rúnum 10 árum síðan. En þáttaka kvenna í atvinnuskapandi starfsemi fer ört vaxandi og eru konur þar með að skapa sér varanlegan sess í uppbyggingu efnahagslífsins. Í grein sem að Lilja Mósesdóttir skrifaði í Vísbendingu 28 ágúst síðastliðinn kemur fram að í Bandaríkjunum fjölgæði konum í fyrirtækjarekstri fimm sinnum hraðar en körlum á árunum 1980 til 1987. Upplýsingar varðandi konur í fyrirtækjarestri eru af skornum skammti hér á Íslandi því hið opinbera hefur ekki haldið til haga viðunnandi tölfræðilegum upplýsingum um konur í fyrirtækjarekstri. En þó vitum við að í fyrra voru 25% af öllum fyrirtækjum á Íslandi í eigu kvenna og í könnun sem Margrét Ricter gerði í fyrra kom í ljós að flest fyrirtæki í eigu kvenna á Íslandi eru smáfyrirtæki með 2 eða færri starfsmenn.

Til þess að konur geti tekið virkari þátt í atvinnuskapandi starfsemi, þarf að greiða aðgang þeirra að fjármagni. Þær hindranir sem verða á vegi kvenna í fjármagnsleit eru tvenns konar. Veðvandamálið, sem grundvallast af því að fasteigna eignar hluti kvenna er tillölulega lítil, og það sem kallað er aðrar hindranir að fyrirgreiðslu lána. Þessar aðrar hindranir eru jafn mikilvægur þáttur í erfiðleikum kvenna í fjármagnsleit og hið augljósa veðvandamál. Saga kvenna í atvinnulífinu er saga launþega og þekking þeirra á atvinnurekstri og fjármögnumnarleiðum því ábótavant. Lánastofnanir starfa eftir bæði formlegum og óformlegum vinnuaðferðum sem konur hafa ekki nægilega þekkingu á til þess að geta smogið inn í völundarhús lána fyrirgreiðslu kerfis lánastofnanna.

Ekki eru til neinar tölur um það hversu mörgum konum hefur verið synjað um lán eða á hvaða forsendum, en það ber of oft við að konum er synjað um lán vegna þess að fasteignir þeirra eru ekki nógu verömætar eða þær hafa ekki fjárhagslegan bakhjal með nægilegt lánstraust til þess að geta ábyrgst lán. Einnig hafa lánastofnanir synjað konum í fyrirtækjarekstri um lán vegna þess að þær sækja ekki um nógu háar upphæðir sem sýnir að þekking lánastofnanna á þörfum kvenna í fyrritækjarekstri er lítil. Dæmin eru mörg og margvísleg en staðreyndin er sú að konur í fyrirtækjrekstri fá ekki þá fyrirgreiðslu lána sem þær þurfa á að halda.

Efnahagslegt sjálfstæði kvenna byggist á því að konur geti starfað á eigin forsendum í efnahagslífinu. Að þær geti rekið sín fyrirtæki og nálgast fjármagn á eigin forsendum. Tilvist lántryggingarstofnunar kvenna á Íslandi, eða Kvennalán eins og það hefur verið nefnt, mundi auðvelda konum aðgang að fjármagni, því hlutverk hennar er að veita veð fyrir lánum úr lánatryggingasjóð stofnunarinnar.

Hugmyndin að Kvennaláni grundvallast af starfsemi Women's World Banking (WWB) eða alþjóðlegri lánatryggingastofnun kvenna. WWB var stofnað árið 1979 í kjölfar alþjóðlegu kvennaráðstefnunnar í Mexikó og markmið hennar er að stuðla að efnahagslegu sjálfstæði kvenna og efla atvinnurekstur þeirra með því að auðvelda konum aðgang að fjármagni. Sameinuðu þjóðirnar veittu stofnunni 15 milljón króna styrk í upphafi og var styrkurinn notaður til þess að stofna lánatryggingasjóð WWB sem er þungamiðja starfsemi hennar. 'A þeim 14 árum sem að stofnunin hefur starfað hefur sjóðurinn dafnað og er 420 milljón krónur í dag.

WWB er net sjálfstæðra aðildarstofnanna sem starfa í samvinnu við höfuðstöðvar í New York. Föðurlegar kenningar um miðstýringu í nafni aðhalds voru afneitaðar við stofnun WWB, þess í stað voru konur um allan heim hvattar til að sameinast og gerast aðildarfélagar í stofnuninni og bera þannig ábyrgð á og fá vald til ákvarðanatöku í eigin hagkerfi. Konur um allan heim tóku hvatingunni vel og eru nú 56 aðildarstofnanir starfandi í 42 löndum.

Aðildarstofnanir eru sjálfstæðar einingar sem miða starfsemi sína við þarfir viðkomandi samfélags. Hver stofnun starfar óháð höfuðstöðvunum og ber ábyrgð á eigin stjónsýslu, fjárhag og framkvæmdum. Aðildarstofnanir safna fé með frjálsum framlögum í stofnsjóð sem er þeirra lánatryggingasjóður og tengist hann lánatryggingakerfi WWB. Hlutverk lánatryggingakerfis WWB er að veita fjármagni í fyrirtæki sem eru í eigu kvenna, en áhættu vegna lánatryggingarinnar er dreifð á þrá aðilda. Fyrir hvert lán sem kona fær, tryggir WWB 50%, aðildarstofnunin 25% og 25% tryggir lánastofnun sem samið er við í þessum tilgangi.

Aðildarstofnunin gerir samstarfs samning við eina eða fleiri lánastofnanir. Samstarfið felst í því að aðildarstofnunin metur lánshæfni umsókna skjólstæðinga sinna og ef umsóknin reynist lánshæf, veitir lánastofnunin viðkomandi lán. Lánið er veitt á þeim forsendum að aðildarstofnunin og WWB ábyrgist lánið með því að veita tryggingu fyrir 75% af upphæð lánsins og lánastofnunin taki á sig 25 % ábyrgð. Lánið er veitt á markaðsvöxtum og vaxtartekjur af láni renna til lánastofnunarinnar. Lánastofnunin fær þannig allar vaxtartekjur af láni en tekur aðeins 25% áhættu. Aðildarstofnun

tekur 3% þókun af hverju láni og eru þóknunargjöld notuð til þess að standa undir rekstri stofnunarinnar.

Ráðgjöf er mikilvægur hluti af starfsemi aðildarstofnanna því konur í fyrirtækjarekstri hafa jafnan ekki aðgang að slíkri þjónustu. Konur sem leita til stofnunarinnar fá ráðgjöf varðandi rekstur fyrirtækja þeirra, þeim er hjálpað við að gera fjármálaáætlanir og að skrifa lána umsóknir. Þannig er þekking kvenna á atvinnurekstri efla svo og einnig þekking þeirra á starfsháttum lánastofnanna. Konur sem fá lán í gegnum aðildarstofnunina skuldbinda sig til samstarfs við hana því stofnunin fylgist með starfsemi fyrirtækja sem að hún tryggir lán fyrir. Þessir starfshættir hafa skilað góðum árangri, því afföll af lánum hjá aðildastofnananeti WWB er aðeins um 1%, en talað er um að eðlileg aföll lánastofnanna séu um 10%.

Sem íslensk aðildarstofnun mundi Kvennalán fá aðild að reynslu og þekkingu kvenna um allann heim, því aðildarstofnanir tengjast ekki aðeins höfuðstöfðunum heldur hafa þær líka innbyrðis samstarf. Eins og aðildarstofnanir fylgjast með skjóstæðingum sínum, þá fylgist WWB með aðildarstofnunum. Ráðgjafar ferðast og milli aðildarstofnanna og aðstoða þær við að vega og meta starfsemi sína. Ráðstefnur og námskeið tengja aðildarstofnanir innbyrgðist og gefur þeim tækifæri til þess að miðla af reynslu sinni og þekkingu. Miklir möguleikar felast í samstarfi við aðrar aðildarstofnanir. Meðal annars má geta þess að WWB vinnur nú að því að því að skapa markaðstengingu milli aðildarstofnanna. Þannig skapast tiltölulega kostnaðar lítil leið til markaðsetningar á vörum og þjónustu á milli landa.

Lánatrygginga kerfi WWB stuðlar ekki að aukinni samkeppni á lánamarkaðnum heldur byggist það á samvinnu við lánastofnanir sem þegar starfrækja lánastarfsemi. Þannig virkar lánatryggingakerfið fjármagn sem þegar er fyrir hendi, í þágu kvenna í atvinnulífinu. Með því að dreifa áhættunni á þrjár stofnanir virkar lánatrygginga kerfið sem hvatning til lánastofnanna að auka hlutfall kvenlánþega og eykur þar með fjármagnstreymi til kvenna í fyrirtækjarekstri.

Peningaflæði er pólitískt fyrirbrigði, ekki aðeins flæði fjármagns ríkis- og sveitarfélaga, heldur líka peningaflæði banka og annarra lánastofnanna. Okkur er talin trú um að peningaflæði í einkageiranum sé háð lögmálum markaðsins, en það er ekki allur sannleikurinn og laxeldisævintýrð er aðeins eitt dæmi um veikleika slíkra röksemda. Peningar flæða í þann farveg sem þeim er beint og ekki flæðir hann til kvenna.

Konur eru orðnar sýnilegar á pólitískum vettvangi og beita þar áhrifum sínum á stjónskipulag þjóðfélagsins og peningaflæði hins opinbera. En í lánastofnunum landsins eru konur í áhrifastöðum sjaldséðar og hafa því lítil sem engin áhrif á peningaflæði þar. Starfsemi aðildarstofnanna, og þar með Kvennaláns, er ætlað það hlutverk að hafa áhrif á peningaflæði. Þær eru tengiliðir milli kvenna í fyrirtækjarekstri og lánastofnanna sem hafa vanrækt að sinna þörfum kvenna. Með lánatryggingarsjóðinn sem sinn eigin bakhjalr geta konur haft áhrif á þróun efnahagskerfisins með því að breyta stefnu peningaflæðisins og beina því til kvenna.

Takk fyrir

Fjárfesting kvenna í konum um er orðin að veruleika um allan heim.

Aðildarstofnanir er þróunarstofnanir. Þær sinna vanræktum hluta af efnahagskerfinu sem er konur í fyrirtækjarekstri með því að auðvelda konum aðgang að fjármagni og efla þannig uppbyggingu efnahagslífsins. Þess má geta að Alþjóðlegi bankinn hefur nýlega farið að veita þróunarþjármagni í gegnum aðildarstofnanir, því árangur þeirra í markvissri beitingu fjármagns hefur vakið athygli þeirra sem starfa með þróunarhjálp.